

# **Orkuveita Húsavíkur ohf.**

---

**Ársreikningur**

---

**2019**

Orkuveita Húsavíkur ohf.  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík  
kt. 641195-2359

---

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

---

Ársreikningur

---

2019

## Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-22

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitu Húsavíkur ohf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við eru óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvárdanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða svíksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna svíksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem svíksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemduum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagssetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbryggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 7. maí 2020

Deloitte ehf.

Ragnar Jóhann Jónsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

## MEGINSTARFSEMI FÉLAGSINS

Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsssemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsssemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félagini er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## STARFSEMI Á ÁRINU 2019

Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf á rekstrarárinu 2019 var með mjög svipuðu sniði og verið hefur og einkenndist að mörgu leiti af stöðugleika. Lítið var um óvæntar bilanir í þeim kerfum sem félagið er með í rekstri og beindist athygli starfsmanna félagsins að mestu að skipulögðum verkefnum.

Ráðist var í fyrsta verkhluta er snýr að endurnýjun stofnlagnar hitaveitu í Reykjavík og voru í þeim verkhluta endurnýjaðir riflega 4 km stofnlagnar frá Hveravöllum að Þverá í Reykjavík, en það er u.p.b. þriðjungur heildarlengdar þeirrar stofnlagnar sem til stendur að endurnýja. Heildarkostnaður 1. verkhluta var rétt um 50 m.kr. og gengu framkvæmdir við þennan verkhluta vel þrátt fyrir að svæðið hafi verið nokkuð erfitt yfirferðar vegna bleytu. Verkefnið í heild, þ.e. útskipti stofnlagnar í Reykjavík miðar að því að afleggja upprunalega og illa einangraða asbestlögn frá Hveravöllum að Laxamýri um Reykjavík, en horft er til verulegrar hækkunar á hitastigi hitaveituvatns til notenda á svæðinu að lokinni endurnýjun.

Töluberður áhugi virðist vera meðal sumarhúsa eigenda í Aðaldal á tengingu við stofnæð hitaveitu OH í Reykjavík, en forsvarsmenn í félagi sumarhúsa eigenda þar hafa nálgast OH varðandi þann möguleika að sumarhús við Aðaldalsflugvöll geti tengst veitunni. Ráðist hefur verið í forskoðun á þeirri framkvæmd af hálfu OH m.t.t. lagnaleiða ásamt því að kallað hefur verið eftir álti landeigenda á framkvæmdinni, en fyrir liggja jákvæð viðbrögð þeirra við framkvæmdinni. Verkefnið verður unnið áfram eftir því sem aðstæður leyfa, en gera þarf ráð fyrir meiri hlutapáttöku sumarhúsa eigenda svo fjárhagslega hagkvæmt verði fyrir OH að ráðast í þessa framkvæmd.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. var rædd á fundi stjórnar félagsins í lok árs 2019 og aftur í byrjun árs 2020. Síðasta gjaldskrárbreyting OH átti sér stað árið 2018 í júnímánuði en vegna skuldbindinga opinberra aðila í tengslum við Lífskjarasamninga sem undirritaðir hafa verið er ekki gert ráð fyrir að hækkun gjaldskrár OH fyrir árið 2020 taki mið af visitölu eins og eðlilegt er, heldur takmarkist við þau 2,5% sem lagt hefur verið upp með í tengslum við samningana, þrátt fyrir að það auðlindagjald sem OH greiðir fyrir heitt vatn frá Hveravöllum sé það hæsta á Íslandi og því íþyngjandi fyrir rekstur veitunnar.

Í kjölfar úrskurðar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi ólögmæta álagningu Veitna ohf á vatnsgjaldi, kallaði ráðuneytið eftir gögnum er varða forsendur vatnsgjalda allra sveitarfélaga og veitufyrirtækja á landinu, en ólíkt allri annarri starfsemi virðist sveitarfélögum og veitufyrirtækjum ekki heimilt að reikna arð af eigin fé vegna reksturs vatns- og fráveitukerfa. Samráðshópur Samorku, Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og ráðuneytisins vinnur nú að því að skýra lagarammann í kringum rekstur vatns- og fráveitna og er beðið eftir niðurstöðu þeirrar vinnu.

## HITAVEITA

### Nýframkvæmdir

Varðandi helstu nýframkvæmdir sem ráðist var í árinu í tengslum við hitaveitur félagsins ber fyrst að nefna 1. verkhluta af þremur sem áætlaðir eru til endurnýjunar stofnlagnar í Reykjavík. Er þar um að ræða útskipti upprunalegrar asbestlagnar sem lögð var um Reykjavík í árdaga veitunnar en hún er í senn illa einangruð og of sver m.t.t. þess vatnsmagns sem henni er ætlað að flytja en hvoru tveggja veldur því að varmatap er meira en ásættanlegt er fyrir notendur veitunnar. Á árinu var endurnýjaður sá hluti stofnlagnarinnar sem liggur á milli Hveravalla og Þverár og sá Höfðavélar ehf um jarðvinnuna en starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur ohf höfðu með höndum samsetningar og frágang við þípuna. Stefnt er að áframhaldandi vinnu við endurnýjun áðurnefndrar stofnlagnar á næstu tveimur til þremur árum.

# Skýrsla stjórnar

## Viðhaldsframkvæmdir

Viðhaldsframkvæmdum var sinnt í tengslum við bilanir í veitukerfum þegar þær komu upp, en engar stórar eða óvæntar bilanir urðu þó í tengslum við rekstur hitaveitna á árinu.

### Heitavatnssala

Sala á heitu vatni skiptist annars vegar í sölu vegna vatns til snjóbræðslu og iðnaðarnota sem ber 24% vsk og hins vegar vatns til almennar notkunar sem ber 11% vsk.

Vatn til snjóbræðslu og iðnaðar	Vatn til almennar notkunar
Þjónustugjald	0,02 m.kr.
Hemlagjald – fast gjald	6,14 m.kr.
Rúmmetragjald	15,00 m.kr.
Fastagjald	0,56 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>21,72 m.kr.</b>
Heimlög	0,82 m.kr.
Þjónustugjald	1,13 m.kr.
Rúmmetragjald	194,85 m.kr.
Fastagjald	20,93 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>217,72 m.kr.</b>

Heildartekjur ársins 2019 vegna hitaveitutengdrar starfsemi námu kr. 239.446.823.

Á árinu 2019 voru seldir 2.452.799 m<sup>3</sup> af heitu vatni en til samanburðar nam selt vatnsmagn árið á undan 2.015.706 m<sup>3</sup>. Sölutölur ársins 2018 voru til samanburðar 230,696.767 m.kr. og námu föst gjöld um 20,7 m.kr. af þeiri upphæð.

## VATNSVEITA

### Nýframkvæmdir

Nýframkvæmdir í tengslum við vatnsveitu voru ekki fyrirferðamiklar á árinu 2019, en þó var ráðist í a.m.k. tvö slík verkefni sem vert er að nefna og bæði voru án endurgjalds. Orkuveita Húsavíkur ohf réðst í tengingu veitulagna að nýju æfingasvæði Slökkviliðs Norðurþings í Haukamýri og uppsetningu brunahana á svæðinu til þess að tryggja aðgengi slökkviliðs að vatni til æfinga. Einnig var ráðist í virkjun og afmörkunar vatnsbóls í Bakkaarlindum austan Húsavíkfjalls til neysluvatnssöflunar fyrir Skotfélag Húsavíkur og lögð u.þ.b. 1000 m löng pípulögn að nýrri félagsaðstöðu skotfélagsins norðan Húsavíkur. Hvorugt þessara verkefna var til tekjuöflunar fyrir Orkuveitu Húsavíkur ohf, heldur kostað af OH að fullu og lagt til sem styrkur til umræddra félaga.

### Viðhaldsframkvæmdir

Engar stórar bilanir komu upp í vatnsveitukerfum Orkuveitu Húsavíkur ohf á árinu en þó fékk vatnsból notenda á Raufarhöfn nokkra athygli starfsmanna OH vegna lágrar vatnsstöðu um nokkurt skeið. Stíflumannvirki umhverfis vatnsbólið eru komin til ára sinna og fyrir liggur að ráðast þurfí í viðhald þeirra áður en langt um líður þar sem tölувert magn vatns lekur ýmist undir, framhjá eða í gegnum stífluna. Við skoðun komu einnig í ljós nokkrir lekar á stofnlöginni en viðgerðir á þeim skilaði hækkuði vatnsborði vatnsbólsins að nýju og komst það með þessum aðgerðum aftur í eðlilega stöðu. Tímabundið hefur því verið brugðist við vandamálinu, en ekki stendur til að ráðast í kostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir þarna fyrr en samningar hafa náðst við landeigendur Hóls og Höfða varðandi greiðslur vegna landleigu í tengslum við vatnstökuna.

Aðrar bilanir tengdum vatnsveitum voru minniháttar og auðleystar.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda vatnsnotkun.

### Kalt vatn til iðnaðar

Rúmmetragjald	12,05 m.kr.
Fastagjald	0,96 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>13,01 m.kr.</b>

### Kalt vatn til almenndra nota

Vatnsgjald	74,30 m.kr.
Heimlög	0,31 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>74,61 m.kr.</b>

# Skýrsla stjórnar

---

Heildartekjur ársins 2019 vegna neysluvatns námu kr. 87.620.670 en voru um 82,4 m.kr. árið á undan.

Árið 2019 voru seldir til iðnaðar um 919.462 m<sup>3</sup> af köldu vatni, samanborið við 1.163.006 m<sup>3</sup> árið 2018.

## FRÁVEITA

### Nýframkvæmdir

Sumarið 2019 var ráðist í nokkuð stóra framkvæmd við lagningu safnlagnar yfirborðsvatns vestanmegin í Stangarbakka eða frá gatnamótum Þverholts til suðurs að brú yfir Árgil til norðurs. Lagt er upp með að umrædd lög muni til framtíðar taka við öllu yfirborðsvatni frá suðurhluta þéttbýlis Húsavíkur sem ekki verður fyrir komið í blá-grænum lausnum, en yfirborðsvatni frá þeim hluta bæjarins verður bætt inn á safnlögnina samhliða endurnýjun fráveitulagna.

Í lok árs 2018 hafði verið ráðist í aðskilnað fráveitu og ofanvatns frá Urðargerði, Brúnagerði og Steinagerði, en eftir aðskilnað þessara kerfa er ofanvatni frá húspökum, bílastæðum og niðurföllum þess hverfis nú leitt út í Skógargerðislæk, en fráveituvatn eftir sem áður niður Þverholt og inn á stofnlögnum fráveitu í Stangarbakka.

Á fyrrí hluta árs 2019 var loks hægt að ljúka framkvæmdum sem hófust fyrir mörgum árum og snuru að endurnýjun fráveitulagna í suðurfjöru en ekki hafði verið mögulegt að ljúka þeim fyrr vegna vatnsálags frá rennslí Búðarár um ónýtan veitustokk neðan Árgils. Samhliða því að Búðarár var veitt inn í suðurfjöru gafst loks færi á því að ljúka við framkvæmdina og voru nýjar veitulagnir lagðar í stokkinn sem Búðarár hafði runnið um áður.

### Viðhaldsframkvæmdir

Aðeins var um minniháttar viðhaldsframkvæmdir að ræða í tengslum við fráveitukerfi Orkuveitu Húsavíkur ohf á árinu.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum og eru rotþróargjöld nú einnig innheimt á sama hátt eftir að breytingar þess efnis voru gerðar á fráveitusamþykkt Norðurþings og samþykktar í sveitarstjórn árið 2018. Orkuveitu Húsavíkur ohf var þar falið að sinna og halda utan um losun rotþróa í Norðurþingi.

Tekjur ársins 2019 vegna fráveitugjalda námu kr. 56.029.771 en voru u.p.b. 46,0 m.kr. árið á undan. Seyrulosunargjöld námu kr. 3.577.720 en samtals námu tekjur OH vegna fráveitugjalda kr. 59..607.491.

## RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

### Aðskilnaður yfirborðsvatns úr fráveitukerfum

Aðskilnaður fráveitu og yfirborðsvatns á Húsavík er verkefni sem unnið hefur verið að jöfnum höndum á undanförnum misserum og verða slík verkefni í forgangi áfram. Kortlagning vatnsmestu innstreyma ofanvatns í kerfið hefur farið fram og teiknuð hefur verið gróf mynd aðgerða og kostnaðar til þess að bregðast við og aðskilja yfirborðsvatn úr fráveitukerfum bæjarins.

### Orkustöð OH

Í tengslum við gerð samkeppnislysingar vegna fyrirhugaðrar nýtingar á heitu vatni til raforkuframleiðslu í orkustöð OH á Húsavík voru valdir þrír áhugasamir aðilar til áframhaldandi viðræðna úr hópi þeirra tíu sem sendu inn tillögur. Viðræður milli Orkuveitu Húsavíkur ohf og Þingorku, félags sem samanstendur af aðilum frá Verkfræðistofunni Eflu, Endurskoðun BT og fleiri aðilum, standa nú yfir og standa vonir til þess að hægt verði að ramma verkefnið inn til þeirra 20 ára sem áætlað er að samningstíminn verði.

# Skýrsla stjórnar

## Dæluprófanir við holu RA-19 á Raufarhöfn.

Hola RA-19 sem staðsett er á lóð íþróttamiðstöðvar á Raufarhöfn og boruð var í lok árs 2017 var boruð með það fyrir augum að vatn úr henni yrði nýtt að varmadælum sem lengi hafði staðið til að setja upp til kyndingar á húsnæði skóla og íþróttahúss, en einnig til kyndingar sundlaugar sem er í sama húsi. Við dæluprófanir sem fram fóru sumarið 2019 kom í ljós augljós lekt milli svokallaðra Kottjarna sem eru í nágrenni íþróttamiðstöðvar, niður í jarðhitageyminn undir þorpinu. Ær þarna um að ræða mjög verðmætar og mikilvægar upplýsingar sem taka þarf tillit til verði farið í að nýta holuna síðar meir. Varðandi þær fyrirætlunar sem voru uppi um kaup og uppsetningu varmadælubúnaðar í íþróttamiðstöðinni, þá hefur þeim verið slegið á frest af skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings og sá styrkur sem Orkusjóður hafði áður samþykkt til verkefnisins var færður yfir á sambærileg verkefni tengdum öðrum opinberum eignum á Raufarhöfn.

## SAMTÖK OG HLUTDEILDARFÉLÖG

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í félögum sem hér segir:

Félag / Félagasamtök	Eignahlutur
• Samorka -- Samtök orku- og veitufyrirtækja	Aðild
• Eimur -- Samstarfsverkefni um orkunýtingu á N-A landi	Aðild (9%)
• Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf -- Dótturfélag OH	50,77%
• Hrafnabjargavirkjun hf -- Otkunýting í Skjálfsandafljóti	48,75%
• Íslensk Orka ehf -- Orkuöflun og nýting í Öxarfirði	31,45%
• Sjóböð ehf – Rekstur aðstöðu til sjóbaða á Húsavík	13,78%
• Mýsköpun ehf -- Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun	5,00%

## MANNAUÐSMÁL

Þær breytingar áttu sér stað í starfsmannahaldi Orkuveitu Húsavíkur ohf á árinu að Dagmar Kristjánsdóttir, bókari félagsins léti af störfum en í stað hennar var ráðin Birna Björnsdóttir frá Raufarhöfn og sinnir Birna starfi bókara OH þaðan. Starfsmenn OH eru því estir sem áður fimm talsins, tveir á skrifstofum félagsins en þrír sem sinna viðhaldi, nýframkvæmdum og öðrum verkefnum á vegum OH. Starfsmannafélag OH, Arnviður hefur nú verið starfandi í rúmt ár og á þeim tíma staðið fyrir ýmsum uppákomum til afþreyingar og skemmtunar fyrir starfsmenn félagsins.

Starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur ohf eru eftirtaldar:

Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Birna Björnsdóttir, bókari

Karl Vilhelm Halldórsson, verkstjóri

Jón Friðrik Einarsson, aðstoðarverkstjóri

Björn Grétar Ægisson, starfsmaður

Unnið er skv. rammasamkomulagi sem felur í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna, ásamt því að þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir teljast starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhald, innheimta og uppgjör er skv. þeim samningi rekið innan fjármálasviðs Norðurþings.

## STYRKVEITINGAR

Í gildi er 3ja ára samstarfs- og styrktarsamningur milli Orkuveitu Húsavíkur ohf og íþróttafélagsins Völsungs. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.

Kiwanisklúbburinn á Húsavík hlaut styrki frá OH á árinu síkt og undanfarin ár til flugeldakaupa og til uppsetninga flugeldasýninga fyrir almenning sem fram fótu í tengslum við áramóttagleði í Norðurþingi. Unnið er skv. styrktarsamningi við klúbbinn til þess að gera honum kleift að sinna því starfi áfram.

Orkuveita Húsavíkur ohf er aðili að styrktarsamningi við Lista- og menningarsjóð Norðurþings. Til samræmis við þá aðild mun Orkuveita Húsavíkur vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

---

Orkuveita Húsavíkur réðst í umtalsverðar framkvæmdir á árinu til þess að koma neysluvatni að nýri félagsaðstöðu Skotfélags Húsavíkur við skotsvæði. Í þeim tilgangi var ráðist í virkjun vatnsbóls í Bakkaárlindum og lögð u.p.b. 1000 m neysluvatnslögn frá vatnsbóli að skotsvæði félagsins norðan Húsavíkur.

Orkuveitan veitti að auki styrki á árinu til smærri verkefna, viðburða og ýmiskonar félagastarfsemi, en þar má m.a. nefna styrki til Orkugöngunnar sem haldin er árlega, Árbókar Þingeyinga sem gefin er út árlega, útgáfu blaða og söngskráa innan Þingeyjasýslna o.fl. en það er afstaða stjórnar OH að styrkfé félagsins skuli úthlutað innan nærsamfélagsins eins og kostur er.

## STAÐFESTING STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGI FÉLAGSINS 2019

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Hagnaður Orkuveitu Húsvíkur ohf. á árinu 2019 nam 102,9 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.127,8 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok er 2.010,1 milljón króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 94%.

Í lok ársins var einn hluthafi í féluginu, sveitarfélagið Norðurþing með 100% hlutafjárins, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins 2019 verði flutt til næsta árs, en vísar að öðruleytí í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir

Húsavík, 7. maí 2020

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Rekstrarreikningur ársins 2019

---

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur .....	3	385.526.836	359.055.593
Aðrar tekjur .....		17.955.510	18.358.787
Lífeyrisskuldbinding .....	4	(8.154.490)	7.487.558
Annar rekstrarkostnaður .....		(170.772.277)	(166.849.702)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(127.051.708)	(158.062.024)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>97.503.871</b>	<b>59.990.212</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	5	19.582.399	(3.014.984)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>117.086.270</b>	<b>56.975.228</b>
Tekjuskattur .....	6	(14.203.297)	(5.815.501)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>102.882.973</b>	<b>51.159.727</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfármunir .....	7	1.380.026.784	1.377.951.451
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	8	44.516.125	41.723.407
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	38.469.784	37.531.926
Tekjuskattsinneign .....	14	66.506.364	66.409.683
		<b>1.529.519.057</b>	<b>1.523.616.467</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	9	34.279.043	39.595.085
Markaðsverðbréf .....	10	242.876.846	233.116.357
Kröfur á tengd félög .....	17	96.519.173	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	3.906.999	1.865.832
Handbært fé .....	9	222.355.855	270.123.022
		<b>599.937.916</b>	<b>544.700.296</b>
<b>Eignir</b>		<b>2.129.456.973</b>	<b>2.068.316.763</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	<b>11</b>		
Hlutafé .....		10.000.000	10.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		2.500.000	2.500.000
Eiginfjárreikningur .....		1.997.582.479	1.894.699.506
<b>Eigið fé</b>		<b>2.010.082.479</b>	<b>1.907.199.506</b>
<b>Langtímaskuldir og skuðbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	12	6.251.936	7.610.451
Lífeyrisskuldbinding .....	13	74.880.286	73.924.072
		<b>81.132.222</b>	<b>81.534.523</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	15	12.950.038	18.661.535
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar .....	15	8.227.690	7.741.518
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	15	1.786.267	1.691.211
Skuldir við tengd félög .....	17	0	42.496.774
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	6	14.247.789	8.653.609
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.030.488	338.087
		<b>38.242.272</b>	<b>79.582.734</b>
Skuldir		<b>119.374.494</b>	<b>161.117.257</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>2.129.456.973</b>	<b>2.068.316.763</b>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		102.882.973	51.159.727
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymí:			
Afskriftir .....		127.051.708	158.062.024
Aðrir liðir .....	16	(5.203.694)	(14.409.678)
<b>Hreint veltufé frá rekstri samtals</b>		<b>224.730.987</b>	<b>194.812.073</b>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun .....		3.274.875	55.154.388
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....		575.084	(61.343.187)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....		(6.712.104)	(7.560.355)
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals</b>		<b>(2.862.145)</b>	<b>(13.749.154)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>221.868.842</b>	<b>181.062.919</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
(Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	(129.127.041)	(87.728.821)
(Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum .....		0	(27.554.397)
(Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög .....		(96.519.173)	0
		<b>(225.646.214)</b>	<b>(115.283.218)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(1.493.021)	(1.358.625)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög .....		(42.496.774)	(325.268)
		<b>(43.989.795)</b>	<b>(1.683.893)</b>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(47.767.167)	64.095.808
Handbært fé í upphafi árs .....		270.123.022	206.027.214
		<b>222.355.855</b>	<b>270.123.022</b>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annari viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurtarfagid fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurtarfagid hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og virðisýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sínd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósantu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2019	2018	31.12.2019	31.12.2018
Evra (EUR) .....	137,30	127,73	136,21	133,60
Bandaríkjadalur (USD) .....	122,65	108,38	121,39	116,61

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegti afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leidréttинга á tekjuskatt til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskilaðeig og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímkröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaþreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færst matsþreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfapíngi. Matsþreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldur

Langtímaskuldur eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfærður á líftíma viðkomandi lána.

### Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

	2019	2018
Hitaveita .....	238.301.704	230.696.767
Vatnsveita .....	87.617.641	82.360.963
Fráveita .....	59.607.491	45.997.863
	<u>385.526.836</u>	<u>359.055.593</u>

## 4. Lífeyirsskuldbinding

	2019	2018
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	8.154.490	(7.487.558)
	<u>8.154.490</u>	<u>(7.487.558)</u>

Frá og með september 2015 var öllum starfsmönnum félagsins sagt upp og þeir ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu Norðurþing, sem tók yfir alla umsýslu, viðhaldvinnu og tekstarumsjón þess. Tilgangur þessara breytinga er að ná fram hagræðingu með því að auka framlegð starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2019	2018
Vaxtatekjur .....	17.644.160	14.734.265
Vaxtagjöld .....	(1.825.338)	(13.299.610)
Gengismunur .....	33.001	143.904
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	3.730.576	(4.593.543)
	<u>19.582.399</u>	<u>(3.014.984)</u>

# Skýringar

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 14.203.297. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 nemur kr. 14.244.289.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2019		2018	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	117.086.270		56.975.228	
Skatthlutfall .....	23.417.254	20,0%	11.395.046	20,0%
Álagður tekjuskattur vegna fyrri ára .....	52.189	0,0%	0	0,0%
Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti .....	(8.523.530)	-7,3%	(6.501.673)	-11,4%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	(746.115)	-0,6%	918.709	1,6%
Aðrir liðir .....	3.500	0,0%	3.420	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>14.203.297</u>	12,1%	<u>5.815.501</u>	10,2%

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veitu- mannvirki	Fasteignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	2.940.571.541	215.971.369	42.839.952	3.199.382.862
Eignfært á árinu .....	<u>126.956.291</u>	<u>0</u>	<u>2.170.750</u>	<u>129.127.041</u>
Staða í árslok .....	<u>3.067.527.832</u>	<u>215.971.369</u>	<u>45.010.702</u>	<u>3.328.509.903</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.680.745.556	115.264.873	25.420.982	1.821.431.411
Afskrift ársins .....	<u>115.206.171</u>	<u>8.565.563</u>	<u>3.279.974</u>	<u>127.051.708</u>
Staða í árslok .....	<u>1.795.951.727</u>	<u>123.830.436</u>	<u>28.700.956</u>	<u>1.948.483.119</u>
<b>Bólkfært verð</b>				
Bólkfært verð í ársbyrjun .....	<u>1.259.825.985</u>	<u>100.706.496</u>	<u>17.418.970</u>	<u>1.377.951.451</u>
Bólkfært verð í árslok .....	<u>1.271.576.105</u>	<u>92.140.933</u>	<u>16.309.746</u>	<u>1.380.026.784</u>
Afskriftarhlutföll .....	1-10%	4-10%	4-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	161.796.000	451.416.563
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		360.410.315
Viðlagatrygging .....		6.116.233.580

# Skýringar

## 8. Eignarhlutar í dótturfélögum og öðrum félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Hitaveita Óxafjarðarhéðaðs hf.	50,77%	33.000.500	Hitaveita
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>			
Hrafnbjargarvirkjun hf.	48,75%	16.331.250	Uppbygging raforkuvera
Íslensk orka ehf.	31,45%	1.828.835	Orkuöflun og nýting orku
Sjóböð ehf.	15,22%	2.252.042	Bygging og rekstur sjóbaða
Mýsköpun ehf.	5,00%	500.000	Nýsköpun og atvinnuþróun

### Eignarhlutar í dótturfélögum:

	2019	2018
Staða í ársbyrjun	41.723.407	41.619.911
Hlutdeild í afkomu	2.792.718	103.496
Staða í árslok	44.516.125	41.723.407

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

	Afkoma		Eigið fé	
	2019	2018	2019	2018
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>				
Hitaveita Óxafjarðarhéðaðs hf.	2.792.718	103.496	44.516.125	41.723.407
	2.792.718	103.496	44.516.125	41.723.407
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>				
Hrafnbjargarvirkjun hf.	(309.415)	(274.073)	11.659.030	11.968.445
Íslensk orka ehf.	(362.301)	(38.538)	475.661	837.962
Sjóböð ehf.	1.609.574	(4.384.428)	25.835.093	24.225.519
	937.858	(4.697.038)	37.969.784	37.031.927
Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög	3.730.576	(4.593.543)	82.485.909	78.755.333

## 9. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptakröfur	43.429.043	45.795.085
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(9.150.000)	(6.200.000)
	34.279.043	39.595.085
Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:		
	31.12.2019	31.12.2018
Staða í ársbyrjun	(6.200.000)	(5.500.000)
Gjaldfært á árinu	(2.950.000)	(700.000)
Staða í árslok	(9.150.000)	(6.200.000)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

# Skýringar

## 9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímkröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur .....	2.169.524	731.259
Fjármagnstekjuskattur .....	1.737.475	1.134.573
	3.906.999	1.865.832

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2019	31.12.2018
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	220.962.989	268.798.570
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt .....	1.392.866	1.324.452
	222.355.855	270.123.022

## 10. Markaðsverðbréf

	2019	2018
Staða í ársbyrjun .....	233.116.357	224.130.977
Verðbreytingar .....	9.760.489	8.985.380
Staða í árslok .....	242.876.846	233.116.357

## 11. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok .....	10.000.000	100,0%	10.000.000
	10.000.000	100,0%	10.000.000

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2018 .....	10.000.000	2.500.000	1.843.539.779	1.856.039.779
Hagnaður ársins .....			51.159.727	51.159.727
Eigið fé 1.1.2019 .....	10.000.000	2.500.000	1.894.699.506	1.907.199.506
Hagnaður ársins .....			102.882.973	102.882.973
Eigið fé 31.12.2019 .....	10.000.000	2.500.000	1.997.582.479	2.010.082.479

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir í ISK .....	8.038.203	9.301.662
	8.038.203	9.301.662
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(1.786.267)	(1.691.211)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>6.251.936</u>	<u>7.610.451</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....	1.786.267
Afborganir 2021 .....	1.786.267
Afborganir 2022 .....	1.786.267
Afborganir 2023 .....	1.786.267
Afborganir 2024 .....	<u>893.133</u>
	<u>8.038.201</u>

Vegrir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir.....	6,05%	6,05%

## 13. Lifeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 83,1 milljón króna í árslok 2019 og miðast útreikningurinn við 2% ávoxtun umfram hækkanir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 8,2 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 8,2 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

	2019	2018
Staða í ársbyrjun .....	81.665.590	96.713.503
Greiddar lifeyrisskuldbindingar á árinu .....	(6.712.104)	(7.560.355)
Reiknuð hækkun (lækkun) lifeyrisskuldbindingar á árinu .....	8.154.490	(7.487.558)
Staða í árslok .....	<u>83.107.976</u>	81.665.590
Skammtímhældutílifeyrisskuldbindingar .....	8.227.690	7.741.518
Langtímhældutílifeyrisskuldbindingar .....	74.880.286	73.924.072
Staða í árslok .....	<u>83.107.976</u>	81.665.590

Greiðslur vegna lifeyrisskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

Til greiðslu 2020 - 2024 .....	23.507.685
Til greiðslu 2025 - 2029 .....	19.708.463
Til greiðslu 2030 - 2034 .....	15.553.064
Til greiðslu 2035 og síðar .....	<u>24.338.764</u>
	<u>83.107.976</u>

# Skýringar

## 14. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

	Inneign/ (skuldbinding)
Staða 1.1.2018 .....	63.571.575
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2018 .....	(5.815.501)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 .....	8.653.609
Staða 1.1.2019 .....	66.409.683
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2019 .....	(14.147.608)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 .....	14.244.289
Staða 31.12.2019 .....	<u>66.506.364</u>

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	48.480.441	49.757.989
Lífeyrisskuldbinding .....	16.621.595	16.333.118
Viðskiptakröfur .....	1.418.321	777.629
Aðrir liðir .....	<u>(13.994)</u>	<u>(459.053)</u>
	<u>66.506.364</u>	<u>66.409.683</u>

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptaskuldir .....	12.390.728	18.230.000
Erlendar viðskiptaskuldir .....	559.310	431.535
	<u>12.950.038</u>	<u>18.661.535</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur .....	718.924	0
Ógreiddir áfallnir vextir .....	198.577	225.100
Aðrar skuldir .....	112.987	112.987
	<u>1.030.488</u>	<u>338.087</u>

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir .....	1.786.267	1.691.211
Lífeyrisskuldbinding .....	8.227.690	7.741.518
	<u>10.013.957</u>	<u>9.432.729</u>

# Skýringar

## 16. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárvstreymi greinast þannig.

	31.12.2019	31.12.2018
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .....	229.562	307.825
(Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum .....	(9.760.489)	(8.985.380)
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	(3.730.576)	4.593.543
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	8.154.490	(7.487.558)
Breyting á tekjuskattsinneign .....	(96.681)	(2.838.108)
	<u>(5.203.694)</u>	<u>(14.409.678)</u>

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	100.566.299	35.166.646	96.519.173	0
	<u>100.566.299</u>	<u>35.166.646</u>	<u>96.519.173</u>	<u>0</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2018:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	96.906.896	41.547.735	0	42.496.774
	<u>96.906.896</u>	<u>41.547.735</u>	<u>0</u>	<u>42.496.774</u>

## 18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags og önnur mál

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafí um rekstarhæfi þess vegna þessa.

Þann 1. janúar 2019 tók nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16 Leigusamningar, gildi. Staðallinn gerir kröfu um að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaráttur til eignar vegna allra leigusamninga, með fáum undantekningum. Að óbreyttu hefur staðallinn áhrif á reikningsskil sem gerð eru í samræmi við lög um ársreikninga. Ákveðið hefur verið að Reikningsskiláð munu semja reikningsskilareglu um meðferð leigusamninga, og hefur ráðið þegar ákveðið að í reglunni verði að finna ákvæði þess efnis að öllum félögum sem gera reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga verði heimilt að beita sömu (þ.e. óbreyttum) reikningsskilaaðferðum við færslu og flokkun leigusamninga vegna áranna 2019 og 2020 og þau beittu á árinu 2018. Stjórnendur félagsins hafa kosið að nýta sér þá heimild, og eru skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga í árslok óverulegar að þeirra mati.

# Skýringar

## 19. Greining rekstrar eftir starfsþáttum:

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2019 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur .....	256.018.322	87.856.533	59.607.491	403.482.346
Rekstrarkostnaður .....	(148.213.532)	(9.309.883)	(21.403.352)	(178.926.767)
Afskriftir .....	(52.936.071)	(24.480.994)	(49.634.643)	(127.051.708)
Rekstarhagnaður (-tap) .....	54.868.719	54.065.656	(11.430.504)	97.503.871
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....				19.582.399
Hagnaður fyrir skatta .....				117.086.270
Tekjuskattur .....				(14.203.297)
Hagnaður ársins .....				102.882.973

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2018 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur .....	249.289.077	82.631.365	45.493.938	377.414.380
Rekstrarkostnaður .....	(133.958.736)	(13.941.092)	(11.462.316)	(159.362.144)
Afskriftir .....	(87.848.494)	(24.074.117)	(46.139.413)	(158.062.024)
Rekstarhagnaður (-tap) .....	27.481.847	44.616.156	(12.107.791)	59.990.212
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....				(3.014.984)
Hagnaður fyrir skatta .....				56.975.228
Tekjuskattur .....				(5.815.501)
Hagnaður ársins .....				51.159.727

## 20. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:

	2019	2018	2017
<b>Arðsemi</b>			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	224.555.579	218.052.236	211.306.424
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,58	0,61	0,59
b) Hagnaðarhlutfall .....	0,27	0,14	0,34
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) .....	10,29	5,12	12,07
d) Arðsemi eigín fjár .....	0,05	0,03	0,07
a) EBITDA/rekstrartekjur	c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár		
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur	d) Hagnaður/meðalstaða eigín fjár		

Úr efnahagsreikningi:

	31.12.2019	31.12.2018	30.12.2017
<b>Nýting fjármagns</b>			
f) Veltuhræði eigna .....	0,18	0,17	0,17
h) Veltuhræði viðskiptakrafna .....	10,44	6,87	7,77
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna	h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna		

# Skýringar

## 20. Kennitölur (framhald)

Úr efnahagsreikningi (framhald):	31.12.2019	31.12.2018	30.12.2017
<b>Greiðsluhæfi</b>			
j) Veltufjárlutfall .....	15,69	6,84	3,73
j) Veltufármunir/skammtímaskuldír			
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
k) Eiginfjárlutfall .....	0,94	0,92	0,89
l) Innra virði hlutafjár .....	201,01	190,72	185,60
k) Eigið fé/heildarfjármagn	l) Eigið fé/hlutafé		
Úr sjóðstreymi ársins:	2019	2018	2017
m) Skuldaþekja handbærs fjár .....	1,86	1,12	0,71
o) Gæði afkomu .....	2,16	3,54	1,41
p) Gæði rekstrarhagnaðar .....	2,25	2,79	1,38
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir	o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður		
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður			
 Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum			
	2019	2018	Breyting
Lífeyrisskuldbinding/rekstrartekjur .....	2,12%	-2,09%	4,20%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	44,30%	46,47%	-2,17%
Afskriftir/rekstrartekjur .....	32,96%	44,02%	-11,07%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>79,37%</b>	<b>88,41%</b>	<b>-9,04%</b>

## 21. Sjóðstreymisyfirlit

	2019	2018	2017	2016	2015
Hagnaður (tap) ársins.....	102.882.973	51.159.727	120.731.557	205.782.147	164.501.657
Afskriftir.....	127.051.708	158.062.024	106.929.529	96.695.471	81.684.757
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	(5.107.013)	(11.571.570)	(29.725.781)	(129.499.002)	(83.537.360)
Aðrar breytingar.....	(96.681)	(2.838.108)	(2.593.728)	16.147.419	10.700.434
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>224.730.987</b>	<b>194.812.073</b>	<b>195.341.577</b>	<b>189.126.035</b>	<b>173.349.488</b>
 Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	3.274.875	55.154.388	(56.989.394)	(9.732.902)	624.739
Rekstrartengdum skuldum.....	(6.137.020)	(68.903.542)	31.362.833	12.166.173	(11.685.004)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>221.868.842</b>	<b>181.062.919</b>	<b>169.715.016</b>	<b>191.559.306</b>	<b>162.289.223</b>

# Sundurliðanir

	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>		
Orkusala .....	238.301.704	230.696.767
Vatnsveita .....	87.617.641	82.360.963
Fráveita .....	59.607.491	45.997.863
	<b>385.526.836</b>	<b>359.055.593</b>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	2.894.323	2.544.600
Aðrar tekjur .....	15.061.187	15.814.187
	<b>17.955.510</b>	<b>18.358.787</b>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	8.154.490	(7.487.558)
	<b>8.154.490</b>	<b>(7.487.558)</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Aðkeypt efni og vinna til endursölu .....	0	438.427
Rafmagn og hiti .....	33.070.179	24.461.702
Viðhald húsnæðis .....	635.160	181.671
Vinna starfsmanna - sala deilda .....	(15.715.252)	(9.287.820)
Vátryggingar .....	3.060.026	2.682.206
Fasteignagjöld .....	3.804.065	3.418.480
Annar húsnæðiskostnaður .....	229.901	558.617
Aðkeyptur akstur .....	65.575	62.851
Rekstur bifreiða .....	1.092.754	842.050
Rekstrarleiga bifreiða .....	5.038	0
Smáahöld .....	1.124.135	1.248.172
Viðhald áhalda og tækja .....	7.646.616	12.754.703
Styrkir og auglýsingar .....	1.504.668	1.231.203
Ferðakostnaður .....	183.347	221.302
Áhöld og tæki .....	3.930.492	3.842.605
Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld .....	817.163	833.480
Funda- og viðskiptakostnaður .....	26.620	188.000
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	4.345.959	1.473.913
Annar starfsmannakostnaður .....	839.631	1.126.517
Skrifstofukostnaður .....	103.143.621	97.045.806
Verktakar .....	17.988.132	21.175.915
Sérfræðibjónusta .....	2.974.447	2.349.902
	<b>170.772.277</b>	<b>166.849.702</b>